



Reykjavík, 18. Janúar 2016

Ágæti umsækjandi

Efni: Breyting á starfsreglum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða varðandi úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Hér með tilkynnist að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur breytt reglum sínum varðandi mótframlag styrkþega úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Samkvæmt nýjum reglum miðast mótframlag styrkhafa að jafnaði við 20% þegar styrkhafi er sveitarfélag eða einkaaðili en styrkir til svæða í eigu eða umsjón ríkisins verða veittir án kröfu um mótframlag. Mótframlag getur áfram verið í formi beinna útgjalda eða vinnuframlags.

Einnig er gerð breyting á útborgun styrkja. Styrkur greiðist út til styrkþega í samræmi við samþykka kostnaðar-, verk- og framkvæmdaráætlun. Fyrsta greiðsla, allt að 40%, er greidd við undirritun sammings en áður en til frekari greiðslna kemur skal styrkþegi skila inn framvinduskýrslu, ásamt myndefni, fyrir hvern áfanga.

Í ljósi þess að mótframlag styrkhafa lækkar mun sjóðurinn auglýsa eftir styrkumsóknum aftur til að gefa nýjum umsækjendum kost á að sækja um á grundvelli breyttra reglna. Auglýsing þess efnis mun birtast í fjölmiðlum, þriðjudaginn 18. janúar nk. Umsóknir sem nú þegar hafa borist á grundvelli eldri reglna og auglýsingar, dags. 19. september 2015, halda gildi sínu og mun umfjöllun um þær byggjast á grundvelli nýju reglnanna. Kappkostað verður að ljúka úthlutunarferlinu eins fljótt og unnt er.

Kjósi umsækjandi að breyta umsókn sinni skal það gert í þjónustugátt Ferðamálastofu á www.ferdamalastofa.is í síðasta lagi 2. febrúar nk. Vakin er athygli á að opnað verður fyrir breytingar á umsóknum í þjónustugáttinni á næstu dögum en verið er að vinna að tæknilegri útfærslu.

Nánari upplýsingar veitir Örn Þór Halldórsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu í síma: 535-5500 eða á netfanginu framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is.

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu

Örn Þór Halldórsson, umhverfisstjóri